

Fimmtudaginn 16. júní 1994.

Nr. 262/1994.

Einar Þór Kolbeinsson

(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

gegn

Olúverslun Íslands hf.

(Ásgeir Þór Árnason hdl.)

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediksdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með heimild í c-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 18. maí 1994, sem barst réttinum 3. þessa mánaðar. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að dómkveðja matsmenn í samræmi við beiðni hans, sem lögð var fram í héraðsdómi Norðurlands eystra 6. maí.

Varnaraðili krefst staðfestingar á hinum kærða úrskurði og kærumálskostnaðar.

Hinn kærði úrskurður varðar beiðni sóknaraðila um dómkvaðningu matsmanna í máli varnaraðila gegn sóknaraðila o.fl., sem rekið er fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra. Mál þetta var upphaflega þingfest 1. nóvember 1989 á bæjarþingi Húsavíkur. Var greinargerð af hálfu varnaraðila lögð fram 29. sama mánaðar, en 7. febrúar 1990 af hálfu sóknaraðila. Í henni var sett fram krafa um frávísun málsins, og var munnlegur málflutningur um kröfuna ákveðinn 15. mars sama ár. Við fyrirtöku málsins þann dag sóttu aðilar ekki þing, en dómari þess á bæjarþinginu lagði fram símskeyti um það frá lögmanni sóknaraðila, að fallið væri frá kröfunni. Málið var ekki tekið fyrir aftur á bæjarþinginu, og var ekki þingað í því á nýjan leik fyrr en 6. maí 1994, þegar það var tekið fyrir í Héraðsdómi Norðurlands eystra, en þangað fluttist málið 1. júlí 1992 í samræmi við 1. mgr. 164. gr. laga nr. 91/1991. Í því þinghaldi staðfesti lögmaður sóknaraðila, að fallið væri frá fyrrgreindri frávísunarkröfu. Jafnframt lagði hann fram matsbeiðni þá, sem hér um ræðir, ásamt nokkrum skriflegum

sönnunargögnum og skrá yfir vitni og aðila, er hann vildi kveðja til skýrslugjafar.

Sóknaraðili hafði með höndum umboð til sölu á verslunarvörum varnaraðila og reksturs olfustöðvar varnaraðila á Húsavík, og varðar dómsmálið þá starfsemi hans. Með hinni umbeðnu matsgerð hyggst sóknaraðili leiða í ljós upplýsingar um kostnað af þessari starfsemi og framlag varnaraðila til hennar. Í fyrrnefndri greinargerð sinni lét hann þess ekki sérstaklega getið, að afla þyrfti gagna með þessum hætti. Á hinn bóginn er á það að líta, að öflun sýnilegra sönnunargagna hefur ekki verið lýst lokið, og var þinghaldið 6. maí sl. hið fyrsta, þar sem fjallað var um gagnaöflun í málinu. Jafnframt verður ekki séð, að unnt sé að kenna sóknaraðila um þá miklu töf, sem orðið hefur á rekstri málsins.

Að þessu athuguðu eru ekki efni til þess að hafna beiðni sóknaraðila um dómkvaðningu matsmanna, og verður lagt fyrir héraðsdómara að taka hana til viðeigandi meðferðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka til meðferðar beiðni sóknaraðila, Einars Þórs Kolbeinssonar, um dómkvaðningu matsmanna.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 6. maí 1994.

Í þinghaldi nú í dag kom fram sú krafa Hróbjarts Jónatanssonar hrl., lögmanns stefnda, Einars Þórs Kolbeinssonar, að dómkvaddir verði matsmenn til þess að meta, hvort framlag stefnanda, Olís hf., skv. samningi aðila 01.03. 1987, hafi verið ósanngjarnt og ekki fullnægjandi, og ef svo væri, hvert hefði verið eðlilegt og sanngjarnt framlag. Er það, sem meta skal nánar, tíundað í 13 liðum.

Lögmaður stefnanda, Ásgeir Þór Árnason hdl., mótmælir því, að matsmenn verði dómkvaddir, þar sem stefndi hafi haft nægjanlegan umþótt-unartíma til þess að beiðast mats þessa og sé dómkvaðning matsmanna á þessu stigi andstæð ákv. 2. mgr. 102. gr. laga nr. 91/1991, sbr. Hrd. 1947, 20 og Hrd. 1946, 312, svo og hafi stefndi ekki haft neinn áskilnað um þetta í greinargerð sinni.

Þessu mótmælir lögmaður stefnda og segir dómþing þetta í raun það fyrsta, sem snúist um efnisatriði málsins, og hafi stefndi vænst þess, að mál

þetta yrði tekið mun fyrr fyrir til efnismeðferðar, þar sem beiðni þessi hefði þá komið fram, en stefndi hafi engu ráðið um gang málsins.

Þessu mótmælir lögmaður stefnanda og bendir á, að málið hafi áður verið tekið fyrir efnislega, auk heldur sé það ekkert skilyrði til þess, að stefndi hefði komið beiðni þessari að og hefði honum verið í lófa lagið að koma henni að hvenær sem var.

Álit dómsins:

Með vísan til þess, sem hér að framan er rakið, þykir mega fallast á þær málsástæður lögmanns stefnanda, sem hér að framan eru raktar, og er kröfu stefnda um dómkvaðningu matsmanna hafnað.

Úrskurð þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er kröfu stefnda, Einars Þórs Kolbeinssonar, um dómkvaðningu matsmanna í máli þessu.
